

63.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands

63.stjórnarfundur Kraftlyftingasamband Íslands var haldinn á skrifstofu sambandsins 25.febrúar 2016 og hófst kl. 17,00. Mættir voru: Sigurjón Pétursson, Kári Rafn Karlsson og Gry Ek. Ása Ólafsdóttir og Sturla Ólafsson boðuðu forföll.

Þetta gerðist:

1. Fundargerðir síðasta fundar samþykkt.
2. NPF
Kári sagði frá fulltrúafundi NPF í Svíþjóð. Framhaldsfundur um mál NPF verður haldinn í tengslum við EM open í Tékklandi.
3. Norðurlandamót.
Kári sagði frá gengi íslenska liðsins á NM unglunga í Svíþjóð. Honum var þakkað sérstaklega fyrir sitt framlag við dómgæslu og fararstjórn.
4. Heiðursmerki KRAFT.
Lögð var fram tillaga Guðjóns Hafliðasonar að heiðursmerki KRAFT og var hún samþykkt. Merkið verður framleitt í gull, silfri og brons. Stjórnin þakkar Guðjóni fyrir þetta verk í þágu sambandsins.
Samþykkt var tillaga heiðursmerkjanefndar þess efnis að Skúli Óskarsson verður sæmdur fyrsta gullmerki KRAFT við upphaf Kraftlyftingabings 2016. Gry býður Skúla til þings.
5. Tillögur til lagabreytingar.
Lögð voru fram drög að breytingum á 14., 15. Og 16. laga KRAFT, þær ræddar og nokkrar breytingar gerðar. Bæta þarf við breytingartillögu við 8.grein.
Ásu falið að ganga frá endanlegri tillögu fyrir laugardaginn nk. en stjórnin mun leggja þessar tillögur fyrir þingið.

Hugmynd að lagabreytingum hefur borist frá KFA. Ekki er um formlegar breytingartillögur að ræða og eru þær ekki þingtækar að mati stjórnar. Ritari sendi bréf til KFA 23.febrúar sl og benti á þetta.
6. Kraftlyftingabing 2016
Farið yfir málin, gerðar tillögur um mönnun embætta.
Sigurjón athugar með þingforseta úr röðum ÍSÍ.
Reikningar undirritaðir og á leið til skoðunnarmanna. Þeir verða sendir út viku fyrir þingið.

Ekkert fleira gert. Fundi slitið 18.30
Fundarritari Gry Ek